**210. fundur stjórnar Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar,**

**mánudaginn, 19. júní 2017 kl. 16.00**

Fundarmenn:

Stjórnarmenn: Matthías Rögnvaldsson, Steinunn María Sveinsdóttir, Þröstur Friðfinnsson og Bjarni Th. Bjarnason. (Þórunn Sif Harðardóttir var fjarverandi)

Starfsmenn: Sigmundur Einar Ófeigsson, Baldvin Valdemarsson og Elva Gunnlaugsdóttir (ritaði fundargerð)

---

Formaður setti fundinn kl. 16.00

1. **Undirritun fundargerðar nr. 209**

   Fundargerð síðasta fundar undirrituð án athugasemda.

2. **Bráðabirgðauppgjör janúar - apríl 2017**

   Tekjur aukast í takt við hækkun framlags sveitarfélaga, Framlög Byggðastofnunar hækka mun minna, húsnæðiskostnaður lækkar ásamt flestum örðum kostnaðarliðum. Góðar horfur eru í rekstri félagsins.

3. **Punktar úr Kínaferð**
   Framkvæmdastjóri og formaður gáfu stutta skýrslu um ferðina til Kína og þeirra sambanda sem var aflaði í ferðinni. Hann taldi mikilvægt að hagsmuna svæðisins væri gætt hvað norðurslóðamál varðar.
4. **Staða samningskaupalýsingar með Hlíðarfjall**
   Viðræður eru hafnar við hóp sem kallar sig Hlíðarfjall alla leið. Lagt verður í kortlagningu á verkefninu og stofnað um það félag. Þessi uppbygging mun hafa miklar breytingar í för hvað ferðamannamál varðar með sér og mikill áhugi er hjá Akureyrarbæ. Akureyrarbær óskaði eftir því við AFE að halda áfram með verkefnið.
5. **Áhugaverðir fundir á vegum AFE og tengdra aðila**
   Fundur sem haldin var í samstarfi við Akureyrarstofu um ávinning uppbyggingu starfsstöðva á landsbyggðunum. Verulega upplýsandi fundur sem ætlaður var til að vekja athygli á stöðu mála. Fundur haldin með Eyþingi varðandi raforkumál á Norðurlandi sem var áhugaverður og mjög lýsandi fyrir ástandið á svæðinu. AFE þarf að halda áfram að vekja athygli á málinu í samstarfi við Landsnet.
6. **Skýrsla um sameiningu atvinnuþróunarfélaganna og Eyþings**
   RHA skilaði í síðustu viku skýrslu um sameiningu Eyþings og atvinnuþróunarfélaganna. Þetta verður rætt á fulltrúaráðsfundi Eyþings í haust.
7. **Tilnefningar í skólanefnd Menntaskólans á Tröllaskaga**

Tilnefndir í skólanefnd MT

Sem aðalmenn:

- Dóróþea Guðrún Reimarsdóttir, kt. 190456-0059. Steinstúni 3, 620 Dalvík
- Ásgeir Logi Ásgeirsson, kt. 030663-4389. Hlíðarvegi 38, 625 Ólafsfirði

Til var eru tilnefndir

- Inda Björk Gunnarsdóttir, kt. 170571-4799. Drekagili 24, 603 Akureyri
- Unnar Eiríksson, kt. 010660-5059. Skógarhlíð 39, 601 Akureyri

**8. Önnur mál**

Framkvæmdastjóri kynnti væntanlega ferð starfsfólks til Rvk. að hitta Íslandsstofu, SI, SA, VÍ, Kanadíska sendiráðið, Air Icelandi connect ofl í lok þessa mánaðar.

Ekki var fleira til umræðu og fundi slitið kl. 17.40
Næsti fundur verður 28. ágúst kl. 16